

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Vopnafjarðar 1980-2000, stækkun hafnarsvæðis.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 23. mars 2006 staðfest breytingu á aðalskipulagi Vopnafjarðar 1980-2000 frá 30. nóvember 1984.

Breytingin felst í því að gerð verður 9.300 m² landfylling innan hafnarsvæðisins milli kaupfélagsbryggju og löndunarbryggju og verður svæðið skilgreint sem iðnaðarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Vopnafjarðarhrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 23. mars 2006.

Sigríður Anna Þórðardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 7. apríl 2006